


Rannsóknir tímaraðahóps

Í þessum verkþætti LOKS-verkefnisins voru útbúin dagleg hitakort af Íslandi með 1-km upplausn fyrir tímabilið 1949–2010. Þau eru nú aðgengileg vísindamönnum á sviði vatna-, jökla- og veðurfars-rannsókna, auk þess sem þau nýtast fræðimönnum á ýmsum öðrum sviðum.

Ennfremur hafa áhrif veðurfarssveiflna síðastliðinna áratuga á vatnsföll og eiginleika þeirra verið rannsökuð. Ellefu vatnasvið með mismunandi eiginleika og rennsli voru könnuð og svörun þeirra við breytileika í hitafari rannsökuð, þ.e. athuguð voru hlý ár og köld auk meðalára. Þessi rannsókn nær m.a. til árstíðasveiflna, tímasetningar hámarksflóða og vatnsmagns í flóðunum, fjölda hámarka yfir þröskuldsgildi rennslis (POT - Peak Over Threshold), ársmeðalrennslis og lágmarksrennslis. Þessar upplýsingar hafa verið greindar ásamt upplýsingum um snjóþýpt, snjó- og ísbráðnun og rigningu, reiknað frá daglegu úrkomu- og hitamati með 1 km reikniupplausn.

Enn fremur hefur verið unnið að bættri aðferð til að reikna dreifingu daglegrar úrkomu og var hún prófuð fyrir tímabilið 1987–2001.



Meðalhitavik síðustu 6 áratuga frá meðaltali staðaltímabilsins 1961-1990. Fyrsti áratugur 21. aldar er greinilega hlýjasta tímabilið í þessum samanburði. Litakvarðar sýna hlýnun/kólnun í °C. Heimild: P. Crochet og T. Jóhannesson, Jökull 2011.